

76. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á skrifstofu Vestfjarðastofu, Ísafirði og í fjarfundi þann 29. janúar 2026 kl. 12:00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson formaður, Anna Björg Þórarinsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Gauti Geirsson, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Hildur Aradóttir, Magnús Ingi Jónsson og Sif Huld Albertsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Frumvarp um lagareldi
2. Samgönguáætlun – umsögn
3. Hringvegur 2 starfshópur
4. Viðbótarfjármagn til Sóknaráætlunar
5. Fjármagn til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar
6. Áhersluverkefni 2025
7. Skýrsla framkvæmdastjóra
8. Fundargerðir til kynningar
 - a. [Fundargerð 78. fundar stjórnar SSNE 8. janúar 2026](#)
 - b. [Fundargerð 133. fundar stjórnar SSVN 6. janúar 2026](#)
 - c. [621. fundur stjórnar SSH 19. janúar 2026](#)
 - d. [630. fundur stjórnar SASS 9. janúar 2026](#)
 - e. [819. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 19. janúar 2026](#)
 - f. [Fundargerð 19. stjórnarfundar SSA 16. janúar 2026](#)
 - g. [Fundargerð 167. stjórnarfundar Austurbrúar 16. janúar 2026](#)

Fundur stjórnar FV

1. 71. Fjórðungsþing að sumri – dagssetning
2. Skólamál á Vestfirðum – sbr ályktun frá 70 haustþingi FV
3. Orkuþing Vestfjarða
4. Umsagnir
5. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2025

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans, engar athugasemdir komu fram og því gengið til dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Frumvarp um lagareldi
Lögð fram til staðfestingar umsögn um drög að frumvarpi um Lagareldi í Samráðsgátt, mál 252/2025. Umsagnarfrestur var 26. janúar s.l. en tillaga að umsögn var send stjórn í tölvupósti 23. janúar s.l.. Formaður gaf orðið laust um efni umsagnar
Auk formanns tóku til máls Fertram, Gauti, Aðalsteinn, Þórkatla, Sigríður,
Umsögn borinn upp til staðfestingar og samþykkt samhljóða.



2. Samgönguáætlun – umsögn (til umræðu)

Lögð fram drög að umsögn um tillögu til þingsályktunar um Samgönguáætlun 2026-2040 og framkvæmdaáætlun 2026-2040, umsagnarfræstur er til 9. febrúar n.k..

Formaður kynnti að innviðanefnd FV hefði fjallað um tillöguna á fundi sínum þann 27. janúar s.l. og vísaði henni til afgreiðslu stjórnar.

Formaður gaf orðið laust um efni tillögunnar og gaf Aðalsteini orðið.

Auk formanns tóku til máls Fertram, Þórkatla, Magnús,

Formaður gerði tillögu að sviðsstjóra sé falið að afgreiða umsögnina í ljósi umræðu á fundinum.

3. Hringvegur 2 starfshópur

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið til að kynna sem vinnuskjal með drögum að efni minnisblaði starfshóps innviðaráðherra um Hringveg 2. Framkvæmdastjóri situr í starfshópnum sem fulltrúi FV ásamt formanni innviðanefndar og auk þess er starfshópurinn skipaður fulltrúum Vegagerðar og innviðaráðuneytis. Formaður starfshópsins kemur frá Vegagerðinni.

Til máls tóku auk formanns, Fertram, Anna, Þórkatla, Hildur, Guðrún Anna, Magnús og Bragi.

Formaður þakkaði umræðuna og beinir efni hennar til fulltrúa Fjórðungssambandsins í starfshópnum.

4. Viðbótarfjármagn til Sóknaráætlunar Vestfjarða

Formaður kynnti að við afgreiðslu fjárlaga 2026 hefði verið samþykkt tímabundið 400 m.kr framlag til að styrkja sóknaráætlunir landshluta. Þar af fara 120 m.kr. til að koma til móts við niðurfellingu fjárheimildar og 280 m.kr. er ætlað að breyta verklagi fjárlaganefndar varðandi einstaka styrkveitingar. Í greinargerð meirihluta nefndarinnar er því beint til landshlutasamtaka sveitarfélaga að taka við hinum ýmsu minni beiðnum um styrkveitingar einstakra verkefna sem eðlilegra er að metin séu í héraði fremur en af fjárlaganefnd.

Lagður fram til staðfestingar viðaukasamningur innviðaráðuneytis og Fjórðungssambands Vestfirðinga við Sóknaráætlun Vestfjarða um 35 mkr framlag innan ársins 2026 af 280 mkr heildarframlagi

Lagt fram minnisblað til fyrri umræðu um undirbúning og tillögur um ráðstöfun framlags á grundvelli framlagðs viðaukasamnings.

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið um efni viðaukasamnings og minnisblaðs.

Til máls tóku auk formanns, Anna, Þórkatla,

Formaður gerði tillögu um fela framkvæmdastjóra að vinna tillögu fyrir næsta stjórnarfund á grundvelli umræðu á fundinum og beina til stjórnar Fjórðungssambands um staðfestingu viðaukasamnings. Tillagan samþykkt.

5. Fjármagn til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar

Lögð fram til kynningar ákvörðun um innviðaráðuneytis um skiptingu fjármagns annarsvegar til samning Vestfjarðastofu og Byggðastofnunar um atvinnu og byggðaðróun kr 40.220.654,- og hinsvegar til samning Fjórðungssambands og ráðuneyta til Sóknaráætlun Vestfjarða kr 120.750.498,-



Byggir ákvörðunin á greinargerð Bygðastofnunar um mat á vægi þátta til grundvallar skiptingu fjármagns innan ársins 2026.

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið til kynningar á efni dagskrárliðar og opnaði svo fyrir umræðu.

Til máls tók formaður.

6. Áhersluverkefni 2025

Lagðar fram skýrslur um framkvæmd áhersluverkefna Sónarnáætlunar ársins 2025.

- Uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum
- Gullkistan Vestfirðir
- Starfsemi Bláma 2025 og framkvæmd sérverkefna félagsins
- Ungmennalýðræði á Vestfjörðum
- Farsældarþing og verkefni á sviði farsældar og inngildingar
- Visit Westfjords og Vestfjarðaleiðin
- Sólmyrkvi 2026

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið til kynningar á efni dagskrárliðar.

Til máls tóku auk formanns, Gauti.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra um framkvæmd og stöðu rekstrar og verkefna Vestfjarðastofu frá síðasta stjórnarfundum í desember s.l..

Til máls tóku auk formanns, Gauti, Aðalsteinn, Þórkatla, Anna.

Formaður óskaði eftir umræðu utan dagskrár að efna til nýs Orkuþings Vestfjarða, þann 19. mars n.k., þingið yrði hið fjórða í röðinni yrði haldið í samstarfi Bláma og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Til máls tóku auk formanns, Þórkatla, Gauti.

Tillaga borinn upp að beina til stjórnar Fjórðungssambands að boða til Orkuþings. Tillagan samþykkt.

8. Fundargerðir til kynningar

Lagðar fram til kynningar fundargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga og samstarfsstofnana þeirra.

- [Fundargerð 78. fundar stjórnar SSNE 8. janúar 2026](#)
- [Fundargerð 133. fundar stjórnar SSVN 6. janúar 2026](#)
- [621. fundur stjórnar SSH 19. janúar 2026](#)
- [630. fundur stjórnar SASS 9. janúar 2026](#)
- [819. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 19. janúar 2026](#)
- [Fundargerð 19. stjórnarfundar SSA 16. janúar 2026](#)
- [Fundargerð 167. stjórnarfundar Austurbrúar 16. janúar 2026](#)

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.26.



Fundur stjórnar FV

Fundur settur í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga kl 13.31.

Formaður óskaði eftir utan dagskrá að gera tillögu um að stjórn Fjórðungssambands heimili framkvæmdastjóra að undirrita viðaukasamning Sóknaráætlunar Vestfjarða með vísan til 4. lið á dagskrá stjórnarfundar Vestfjarðastofu.

Tillagan samþykkt.

1. 71. Fjórðungsþing að sumri – dagssetning

Lagt fram minnisblað um framkvæmd 71. Fjórðungsþings Vestfirðinga að sumri sem haldið er í kjölfar sveitarstjórnarkosninga, þingið verði haldið í fjarfundi þann 24. júní 2026.

Formaður lagði til að tillagan yrði samþykkt. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Skólamál á Vestfjörðum – sbr ályktun frá 70 haustþingi FV

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað með tillögu um að efna til Menntaþings Vestfjarða 2026. Menntamál eru því mikið til umræðu á Vestfjörðum og því tilefni til að FV bregðist við með því að halda Menntaþing Vestfjarða og skilgreini í kjölfarið mögulegar aðgerðir til að framfylgja Menntastefnu Vestfjarða og ná markmiðum um hækkun menntunarstigs á svæðinu.

Haustið 2025 var samþykkt [ályktun á Fjórðungsþingi](#) varðandi sameiginlega skólalþjónustu og jafnframt barst formanni nýverið erindi um að FV gerði áttak í fjölgun leikskólakennara frá formanni leikskólakennara á Vestfjörðum.

Tillaga er um að boða til þingsins í lok skólaárs þann 8. júní n.k. og fá öll skólastigin að borðinu. Óska eftir því við sveitarfélögin að dagurinn verði tekin frá í starfsemi grunnskólanna og leikskólanna og boða fulltrúa framhaldsskóla, fullorðinsfræðslu og tónlistarskóla auk þess að fá frummælendur og bjóða barna- og menntamálaráðherra til þingsins.

Til máls tóku auk formanns, Þórkatla, Anna, Sigríður, Dagný.

Formaður gerði tillögu um að boða til þingsins og fela framkvæmdastjóra vinna málið áfram í ljósi umræðu.

Tillagan samþykkt.

3. Orkuþing Vestfjarða (til umræðu og afgreiðslu)

Lagt fram minnisblað um boðun og umgörð Orkuþings Vestfjarða í samstarfi við Bláma og vísað til umræðu um efni málsins á fundi Vestfjarðastofu nú í dag.

Formaður bar upp tillögu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga í samstarfi við Bláma boði til Orkuþings Vestfjarða 2026 og þingið verði haldið þann 19. mars n.k.. Framkvæmd þingsins og fjármögnun verði samkvæmt efni framlagðs minnisblaðs.

Tillagan samþykkt.



4. Umsagnir – sjá minnisblað

Lagt fram til kynningar minnisblað um afgreiðslu og stöðu umsagna.

Eftirfarandi umsagnir hafa verið afgreiddar.

- Drög að frumvarpi um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmið, kostnaður o.fl.) og um breytingu á lögum um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála (umsjón framkvæmda)“. mál nr. 258/2025, <https://samradapi.island.is/api/Documents/a9d47eca-48df-f011-9bd3-005056bcce7e>
- Drög að frumvarpi til laga um lagareldi mál 252 / 2025 <https://samradapi.island.is/api/Documents/9737fc98-2edf-f011-9bd3-005056bcce7e>

Umsagnir í vinnslu

Umsögn um tillögu að Samgönguáætlun 2026-2040 og framkvæmdaáætlun 2026-2030

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/157/322/?ltg=157&mnr=322>

Til skoðunar eru umsagnir

Tillaga til þingsályktunar um breytingu á [þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152](#).

Frumvarp Opinber stuðningur við vísindi og nýsköpun

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/157/320/?ltg=157&mnr=320>

Sviðsstjóri óskaði eftir að leggja fram til kynningar drög ársreiknings Fjórðungssambands Vestfirðinga 2025 sem komu nú fram í dag. Dagskrártillaga samþykkt.

5. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2025, drög.

Sviðsstjóri kynnti niðurstöður rekstar og efnahagsreikning fyrir árið 2025 og sundurliðun á rekstri deilda. Rekstur er að meginhluta í samræmi við endurskoðaða fjárhagsáætlun 2025. Eftir að ljúka við gerð sjóðsstreymis og sundurliðun á vinnu við svæðisskipulag.

Óskaði hann síðan eftir samþykki stjórnar að vísa umfjöllun ársreiknings til Fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins og ársreikningur komi til afgreiðslu á stjórnarfundi þann 26. febrúar n.k

Formaður bar upp tillögu sviðsstjóra. Tillagan samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:00



